

## Sönglög Atla Heimis

Atli Heimir varð í lifanda lífi eitt ástsælasta tónskáld Íslands, einkum fyrir sönglögina sem eru þó í rauninni tiltölulega lítil hluti verka hans. Mörg þessara laga hafa löngu sungið sig inn í hjörtu þjóðarinnar og tekið sér bólfestu þar. Og nú fær úrval þessara laga að hljóma í nýjum útsetningum fyrir söngrodd og klassískan gítar, ýmist einn eða tvo. Lögin öðlast nýtt líf í nýjum búningi. Við heyrum þau upp á nýtt.

Sönglög Atla Heimis eru fágætur fjársjóður og fjölbreyttur. Lögin hans við kvæði Jónasar Hallgrímssonar hafa verið hljóðrituð tvisvar, 1997 og 2007, og birtust einnig á prenti. Atli sagðist vilja „hafa lögin alþýðleg, einföld og rómantísk; einhvers staðar á milli Schuberts og Sigvalda Kaldalóns“. Atli átti það til að bregða sér í líki annarra tónskálda. Hvað skyldi Wagner hafa gert úr þessu lagi eftir Kaldalóns? gat Atli spurt, settist við hljóðfærið og lét gaminn geisa. Allir skellihlógu.

Þegar Atli fór til Kanada 2012 að semja lög við kvæði Stephans G. Stephanssonar á heimaslóðum skáldsins bjóst hann við að vonir einhverra hlustenda stæðu til að hann semdi nýja kippu af lögum eins og Jónasarlögunum, lögum sem syngja sig sjálf beint í hjartastað hlustandans. Atli sagði mér að það vildi hann þó ekki gera að því sinni. Nú ætla ég að semja lög eins og mér finnst að svona lög eigi að vera, sagði hann. Afraksturinn varð syrpa nýstárlegra sönglaga, en þau heyrast sjaldnar en Jónasarlögin eða lögin við kvæði Davíðs Stefánssonar, Halldórs Laxness, Þórbergs Þórðarsonar og annarra sem við fáum að heyra á þessum disk.

Atli stóð föstum fótum í tveim heimum sem hann unni báðum: heimi klassískrar tónlistar fyrri tíðar sem á enn sem endranær greiðastan aðgang að hugum og hjörtum flestra hlustenda og heimi nýrri tónlistar 20. aldar sem lýtur að sumu leyti öðrum lögmálum, er ómstríðari og á sér mun færri en þó engu síður eindregna aðdáendur.

Atli var hrifnæmur og víðlesinn ljóðaunnandi. Hann skildi að kvæði skáldanna geta lifað lengur séu þau sungin. Hann leit á íslensk sönglög sem grundvöll og burðarás íslenskrar tónlistar. Hann tónsetti kvæði um 40 íslenskra og 20 erlendra skálda, ýmist einsöngslög eða kórlög. Stundum hreifst hann svo af kveðskap að hann hlaut að tónsetja textann. Ég man hvílíkur fengur honum þótti í Maríukvæði Halldórs Laxness sem fannst 1995 á gulnuðu blaði í gamalli gestabók Jóns Helgasonar prófessors í Kaupmannahöfn. Þegar þannig var átti Atli það til að hringja í vini sína og syngja og leika fyrir þá í símann lagið sem hann var að ganga frá við skrifborðið sitt heima. Þannig kynntist ég laginu hans við Maríukvæði, jólagagi Ríkisútvarpsins 1995.

Atli naut þess að lögin hans mörg urðu almenningsseign. Það var á leikhúsferðalagi Íslendinga um Þýzkaland fyrir löngu að listafólkið fremst í rútnni tók eftir því að Atli sat einn aftarlega í bílnum, hnugginn að sjá. Leikmyndasmiðurinn í hópnum bað þá litla stúlku að fara til Atla og syngja fyrir hann. Barnið fór aftur í og söng fyrir hann Kvæðið um fuglana (Snert hörpu mína, himinborna dís), lag Atla við kvæði Davíðs Stefánssonar, öll erindin. Það glaðnaði yfir Atla. Hann var jafnan glaður og reifur, afburðaskemmtilegur félagi, frjálsslyndur, fróður og víðsýnn og sjór af sögum og lét sér ekkert mannlegt óviðkomandi.

Atli var stórbrotið tónskáld, jafnvígur á stórvirki og smærri verk. Auk sönglaga hans liggja eftir hann sex símfóníur, fimm óperur, fjölmargir konsertar og verk fyrir smærri hljóðfærahópa ýmist í framsæknum eða gömlum stíl eftir atvikum líkt og sönglögina. Verk hans eru til á 50 hljómdiskum. Sum verka hans hafa náð útbreiðslu um heiminn, önnur bíða, einkum kannski símfóníurnar. Atli skildi að framsækningar tónsmíðar eru langhlaup út yfir líf og gróf. Hann fór hjá sér eins og feiminn unglingur þegar ég sagði honum frá bandarískum vini mínum sem hafði líkt og ég hrifist mjög af 2. símfóníu Atla.

Nokkrir dyggir æskuvinir Atla stofnuðu glæsilegt vefsetur, atliheimirsveinsson.is, þar sem fræðast má um lífsverk hans. Það mun lifa lengi á Íslandi og hasla sér völl úti um heim.

Þorvaldur Gylfason.